Selfossi 24.september 2018

# Fundargerð stjórnar

**************************

**2. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn mánudaginn 24. september 2018, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Arna Ýr Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

1. **Fjárhagsáætlun 2019**
   Pétur lagði fram fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2019. Kjarasamningur er laus frá miðju ári 2019 og því er launaliðurinn óvissuliður og líkur á að endurskoða þurfi þann lið þegar búið er að semja. Samþykkt að miða við 2% hækkun en endurskoða áætlunina ef á þarf að halda.
   Umræða um kostnaðarauka vegna nýrrar reglugerðar um starfsemi slökkviliða en vegna fjölda íbúa á starfssvæði slökkviliðs á að vera vakt atvinnuslökkviliðsmanna á slökkvistöð á dagvinnutíma.
   Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2019 með þeim breytingum sem ræddar voru til að lágmarka áhrif kostnaðarauka.

2. **Önnur mál**
   a. Næsti fundur verður haldinn 12.nóvember kl.8:15

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9.50